

Kæru foreldrar/forráðamenn

Við þökkum ykkur fyrir þolinmæðina í okkar garð. Við reynum að vanda vel til verka í þessu ástandi og tryggja að nemendur fái eins mikla viðveru í skólanum sínum og hægt er. Næstu daga munum við skipta nemendum niður þannig að þeir mæta annan hvern dag í skólann. Þeir foreldrar sem eru í lykhlutverki í samfélaglegri þjónustu geta sótt um viðveru alla skóladaga til skólastjóra. Þessir hópar eru m.a. einstaklingar sem starfa í heilbrigðisþjónustu, Almannaöryrnum, leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og hjá velferðarþjónustu og þurfa starfa sinna vegna nauðsynlegra á þjónustu skólans að halda. Við reynum að verða við þörfum þeirra eins og hægt er.

Við biðjum foreldra vinsamlega að koma ekki inn í skólabygginguna nema brýna nauðsyn beri til. Við höfum sett niður ákveðna tíma fyrir hvern og einn bekk sem segir til um hvenær nemendur mæta og hvenær skóla lýkur. Foreldrar eru beðnir um að kveðja börnin og sækja þau fyrir utan skólann. Einnig höfum við skipulagt hvar hver bekkur kemur inn í skólann og fer út til þess að takmarka umferð á göngum skólans. Við biðjum ykkur að kynna ykkur vel skipulagið í töflunni hér að neðan og fylgja því í einu og öllu.

Skipulag 17. – 20. mars

| Tími | Þriðjudagur 17. mars | Miðvikudagur 18. mars | Fimmtudagur 19. mars | Föstudagur 20. mars |
|---------------|--|-----------------------|----------------------|---------------------|
| 08:30 - 13:50 | 5 ára EBH | 5 ára SÓL | 5 ára EBH | 5 ára SÓL |
| | 5 ára HTH | 5 ára IG | 5 ára HTH | 5 ára IG |
| | | | | |
| 08:40 - 14:00 | 7 ára EE | 6 ára BVK | 7 ára EE | 6 ára BVK |
| | 7 ára ÞEK | 6 ára SH | 7 ára ÞEK | 6 ára SH |
| | 7 ára HP | 6 ára MH | 7 ára HP | 6 ára MH |
| | | | | |
| 08:50 - 14:10 | 9 ára EÁK | 8 ára MBD | 9 ára EÁK | 8 ára MBD |
| | 9 ára VLA | 8 ára SG | 9 ára VLA | 8 ára SG |
| | | | | |
| | | | | |
| | 5 ára inngangur | | | |
| | Aðalinngangur | | | |
| | | | | |
| | Neyðarútgangur á gamla gangi (norðurhlið hússins). | | | |
| | | | | |
| | Inngangur frá skólalóð (rennihurð). | | | |
| | | | | |

Frístund verður opin þessa daga til kl. 16:00 en allt skipulagt tómstundastarf fellur niður. Við biðlum til þeirra foreldra sem tók hafa á að sækja börnin strax að loknum skóladegi (sjá skipulagið að ofan). Þau börn sem verða í frístund eiga að vera sótt á ákveðnum tímum, annað hvort kl. 15:00 eða 16:00. Foreldrar ráða hvorn tímann þeir velja til þess að sækja barnið. Athugið að frístund er aðeins í boði þá daga sem börnin eru í skólanum.

Hádegismatur verður með óbreyttu sniði en öll börn taka með sér ávaxtanesti og síðdegishressingu. Athugið að þetta á líka við í 5 ára bekkjum.

Ef einhverjar spurningar vakna biðjum við ykkur að setja ykkur í samband við ykkar umsjónarkennara. Þetta eru sannarlega óvenjulegar aðstæður en við hjálpumst öll að við að láta þetta ganga sem best upp fyrir alla.

Með ljúfum kveðjum,
starfsfólk Ísaksskóla